

1. TBL. 31. ÁRG. FEBRÚAR 2017

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands Íslenskra Kristniboðsfélaga



sik.is

Stuttar fréttir

Jólagjafir þakkaðar

Kristniðoðssambandið þakkar öllum lesendum Kristniðoðsfrétta sem gáfu kristniðoðinu jólagjöf. Allar gjafir koma sér vel og eru vel nýttar í starfinu. Guð blessi ykkur!

Nytjamarkaðurinn – Basarinn

Basarinn í Austurveri er mjög mikilvæg teljulind fyrir Kristniðoðssambandið. Basarinn leggur áherslu á að selja góða, vel með farna muni, föt, bækur og gjafavör. Það er mikil vinna að flokka og yfirfara vörur og er hjálp vel þegin. Alltaf er hægt að bæta við fleiri sjálfboðaliðum svo hafið endilega samband ef þið hafið tíma aflögu. Basarinn er opinn virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga kl. 13-17, s. 5626700. Basarinn er á *facebook*: Basarinn - Nytjamarkaður - Second-hand shop. Þar má oft sjá tilkynningar um nýjar spennandi vörur.

Gjafakort, tækifæriskort og minningarkort

Við minnum á gjafakortin. Þau er hægt að gefa við öll tækifæri og eru upplögð handa þeim sem allt eiga. Hægt er að velja á milli níu tegunda og styðja þar með níu mismunandi verkefni. Verðið er frá kr. 2000-10.000. Þá eru til sölu falleg tækifæriskort á góðu verði í Basarnum, einnig falleg handgerð kort sem fátækar konur í Keníu búa til. Við minnum einnig á minningarkortin. Hægt er að nálgast kortin í Basarnum, Austurveri, Háaleitisbraut 68, s. 5626700 og á skrifstofu Kristniðoðssambandsins Háaleitisbraut 58-60 s. 5334900.

Kaffisala

Kristniðoðsfélag kvenna býður að vanda til kaffisölu 1. maí í Kristniðoðssalnum á Háaleitisbraut 58-60. Gott er að fá sér kaffi og með því og styrkja um leið gott málefni. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Kristniðoðsþing

Aðalfundur Kristniðoðssambandsins (SÍK) verður haldinn miðvikudaginn 4. maí í Kristniðoðssalnum á Háaleitisbraut 58-60. Nánar auglýst síðar.

Umslög og frímerki

Eins og undanfarin ár safnaði Pósturinn umslögum og frímerkjum fyrir SÍK í janúar. Margir lögðu leið sína með umslögin af jólapóstinum bæði í pósthúsin og Basarinn í Austurveri og eru þeim hér með færðar þakkir. Jarle Reiersen sér um að koma frímerkjunum í verð og í fyrra seldust frímerki og mynt fyrir rúmar fjórar milljónir. Jarle eru færðar þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf við frímerkin. Þessir fjármunir skipta miklu máli í starfi Kristniðoðssambandsins og hvetjum við alla til að halda áfram að gefa frímerki til góðra verka. Tekið er á móti frímerkjum og mynt allan ársins hring í Basarnum í Austurveri, Háaleitisbraut 68 og Litla húsinu á Akureyri. HENDUM EKKI VERÐMÆTUM!

Skírnarskipunin

Hugleiðinguna í blaðið skrifar Magnús Björn Björnsson prestur í Digraneskirkju í Kópavogi.

Jesús sagði: „*Allt vald er mér gefið á himni og á jörðu. Farið því og gerið allar þjófdir að lærisveinum, skírið þá í nafni, föður og sonar og heilags anda og kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður. Sjá ég er með yður alla daga allt til enda veraldar*“ (Matt. 28:18-20).

Ágætu lesendur.

Það er mér mikil ánægja að fá að rita ykkur svolíttinn pistil með hugleiðingum um kristniðoð að heiman og heima.

Nýjasta tíska hér á landi hjá sumu ungu fólki eru svokallaðar nafngjafaveislur. Nú á ekki að skíra börnin, heldur aðeins gefa nafn. Einu sinni héldu menn að unga fólkið gerði sér ekki grein fyrir því að skírn og nafngjöf væri ekki sami hluturinn. Það er liðin tíð, því það er trúarlegi hluti skírnarinnar, sem verið er að sneiða hjá. Hafi einhverjir talið að Ísland væri kristið land, þar sem aðeins þyrfti að viðhalda trúnni, þá er það liðin tíð. Ljóst er að mikil umskipti eru að eiga sér stað. Er ekki kominn tími til trúboðs, heimatrúboðs?

Kristniðoðsskipun Jesú er einnig nefnd skírnarskipunin. Í henni er skírnin miðlæg. Hún er staðfesting þess að viðkomandi hafi tekið kristna trú. Hún er einnig staðfesting þess að foreldrar vilja að barnið þeirra verði alið upp í kristinni trú. Fátt er yndislegra en að mega skíra einstakling, hvort sem það er barn, unglingur eða fullorðinn. Nýskírður einstaklingur er ávöxtur boðunar til trúar á hinn þríeina, kærleiksríka og frelsandi Guð.

Það er mikið gleðiefni, að hælisleitendur sem hingað koma, skuli eignast trú á Krist og vera skírðir. Sum þeirra taka mikla áhættu, því lög margra múslimalanda taka



af fullri hörku á trúskiptum. Þrátt fyrir hættuna er þráin eftir ljósinu og náðinni öðru yfirsterkari. Kristniðoðsakurinn er kominn til okkar.

En kristniðoð um víða veröld heldur áfram. Ég hef stundum sagt í gríni, en þó í alvöru, að þegar ég verð vonlítill vegna lítils sýnilegs árangurs í preststarfinu, þá fari ég og ræði við kristniðoða. Það er eins og við manninn mælt, ekki líður á löngu þar til ég fæ vonina á ný. Hver er leyndardómurinn? Jú, kristniðoðar hugsa ekki í mánuðum eða árum, heldur tugum ára eða jafnvel mannsævi. Þeir vita sem er að sáningin hefur sinn tíma og uppskeran hefur sinn tíma. Þeim hefur lærst þolinmæði. Orð Guðs er

eins og fræ í jörð. Í myrkri, ósýnilegt augum manna, spírar það og festir rætur áður en jurtin brýst upp úr moldinni og lyftir blöðum sínum móti sólarljósinu. Jafnvel þá líður langur tími til uppskeru.

Kæru kristniðoðsvinir. Er ég hugsa til ykkar koma í hug minn vers úr bréfi Páls til Galatamanna: „*En ávöxtur andans er: kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværd og langlyndi. Gagn slíku er lögmálið ekki*“ (Gal. 5:22,23).

Guð blessi þolinmæði ykkar, þrautseigju og kærleika til Guðs verks og Guðs akurs. Í Guðs friði.

Magnús Björn Björnsson

Mikilvægi útvarps- og sjónvarpskristniðoðs

1,5 milljarðar manna geta ekki lesið alla Biblíuna á eigin tungumáli. Útvarps- og sjónvarpskristniðoð er því enn afar mikilvægt og ánægjulegt að Biblían er þýdd á æ fleiri tungur. Hægt er að lesa Biblíuna eða hluta hennar á nærri helmingi þeirra 7097 tungumála sem til eru í heiminum. 300 ný tungumál fengu biblíuhluta eða Biblíuna á eigin tungu á árinu 2016 samkvæmt Wicliffe, biblíufélaginu.

Enn eru alltof margir sem eiga ekki Biblíuna eða hluta hennar á eigin tungu eða um 253 milljónir manna.

Kristniðoðssambandið styður norsku útvarpsstöðina Norea sem hefur að markmiði að flytja öllum þjóðum fagnaðarerindið. Margir geta hlýtt á boðskapinn á eigin tungu þó þeir geti ekki lesið hann. Fyrir ólæsa er útvarpið oft eina leið þeirra til að heyra fagnaðarerindið. Kristniðoðssambandið gefur út gjafakort sem styrkja útvarps- og sjónvarpskristniðoð sérstaklega. Góð gjöf handa þeim sem eiga allt.



Hvalur hf.



Kristniðoðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniðoðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniðoðsfréttir segir frá kristniðoðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniðoð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Blaðið kemur út fjórum sinnum á ári.

Áskrift er ókeypis.

Þeir sem hafa áhuga á að fá Kristniðoðsfréttir eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu félagsins á Háaleitisbraut 58-60.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður er Kristín Bjarnadóttir.

Prófarkalestur sér Edda Ólafsdóttir um.

Útlit og uppsetningu annast Emil Hreiðar Björnsson.

Prentun er í höndum Ísafoldarprentsmiðju.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniðoðsfélaga (SÍK) oft nefnt Kristniðoðssambandið, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: http://sik.is

Formaður Kristniðoðssambandsins er Ólafur Jóhannsson.

Frankvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

Hvað er kristniðoð

Kristniðoðar hafa reynt að hjálpa fólki, sem býr við hörmungar, fátækt, líkamlega og andlega vanlíðan með ýmsum hætti. Íslenskir kristniðoðar starfa í Afríkulöndunum Eþíópíu og Keníu og í Japan. Þar vinna þeir að alhliða fræðslu, hjúkrun, heilsuvernd og margs konar þróunarverkefnum svo sem umbótum í landbúnaði, verndun vatnsbóla og fleiru.

Á tímum hungursneyðar taka þeir þátt í viðtæku hjálparstarfi og matvæladreifingu.

Samhliða þessu er trúin á Jesú Krist boðuð. Hún veitir fólki nýjan styrk og lausn undan valdi illra afla. Trúin gefur nýja lífsvon.

Hvað er kristniðoð

Allt starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks.

Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2818 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er upp rúmar 70 milljónir á þessu ári.

Við þökkum fyrir gjafir til starfsins

Ríkulegur ávöxtur kristniboðsstarfsins í Pókothéraði



Mikið fjalllendi og sléttur eru í Pókot. Horft yfir Chemollo og í átt til Chepareria.

Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri Kristniboðssambandsins heimsótti nýverið Keníu til að fylgja eftir verkefnum og starfinu í Pókothéraði og nágrenni. Með í för var Magnús J. Kristinsson tannlæknir og svili Ragnars og dvöldu þeir þar í tvær vikur í lok janúar og byrjun febrúar. Ragnar hefur m.a. þetta að segja um ferðina:

Segja má að tilgangur ferðarinnar hafi verið þrífættur. Í fyrsta lagi að fylgja eftir skóla- og menntunarverkefnum kirkjunnar en þar ber hæst byggingu við tvo framhaldsskóla, Propoi og Embo Asis. SÍK fékk á liðnu ári 12,2 milljón króna framlag frá utanríkisráðuneytinu en kostnaður verkefnisins nemur rúmum 15 milljónum með framlagi SÍK og heimamanna. Byggingarvinna gengur vel og vonir standa til að verkefninu ljúki seinni hluta sumars. Notkun fjármuna og bókhald var einnig kannað.

Í öðru lagi var ætlunin að fylgja eftir útbreiðslustarfi kirkjunnar. SÍK styrkir myndarlega boðun á nýjum stöðum sem eru á jaðarsvæðum héraðsins og utan þess, bæði í Turkana, Baringo, Marakwet og í Úganda. Starfið gengur víðast hvar mjög vel og fjöldi fólks tekur þátt í því. Helst eru erfiðleikar sem tengjast ferðamáta og löngum vegalengdum. Eins hefur verið spennu



Hluti þeirra sem tók á móti gestunum í Kunyao en starfið þar hófst kringum 1989.



Stúlur í Propoi Girls fagna komu gesta með þróttmiklum söng.

eða órói á mörkum sumra þjóðflokka og haft hamlandi áhrif. Innlendir prestar og prédikarar sjá um starfið og fá laun sín úr verkefninu sem Kristniboðssambandið greiðir að mestu fyrir. Það má því segja að þeir séu kristniboðarnir okkar á vettvangi. Einn þeirra, umsjónamaður verkefnisins, séra Nicholas Loyara er væntanlegur til Íslands og tekur þátt í árlegri kristniboðsviku nú í byrjun mars.

Í þriðja lagi var ætlunin að fá fréttir af starfinu og heimsækja fyrrum starfssvæði íslenskra kristniboða í Pókot, einkum á svæðum sem áður heyrðu undir Kongelai og Chepareria. Starfið hefur vaxið gífurlega og ávöxturinn ótrúlegur. Sífellt fleiri söfnuðir eru myndaðir, fjölgun er nánast alls staðar og kirkjan þróttmikil. Eitt merki þess er að fólk hefur tekið sig saman, grafið grunn, safnað sandi og mól, gert múrsteina og safnað fjármunum þrátt fyrir lítil efni, til þess að koma upp kirkjum vítt og breitt um héraðið. Mjög víða var spurt um konu mína, Hrönn, um Skúla og Kjellrunu, Kjartan og Valdísi, Leif, Salóme og Fanneyju og Fjölni. „Þú skírðir mig 5. desember árið 1999,“ sagði einn af prestunum á Lelan. „Þú skírir okkur hér í Lain 6. maí 1991, nú höfum við eignast börn og fjölskyldu,“ sagði annar „Skilaðu kveðju til Hrannar,“ sögðu konurnar í Chepkobegh, „hún kenndi okkur svo margt fyrir rúmum 30 árum þegar þið bjugguð í Chepareria. Hún kom vikulega og hafði fundi með konunum. Við lærðum að sauma og gera við, halda okkur og börnunum hreinum og forða þeim frá sjúkdómum og ekki síst, hún kenndi okkur um Jesú og að elska hann. Það hefur borið okkur í gegnum lífið.“

Að fá að koma aftur og sjá með eigin

augum og heyra vitnisburðinn var vissulega mikil uppörvun. Líf og lífsbarátta okkar kristniboðanna var ekki alltaf einföld og auðveld. Margir börðust með okkur í bæninni og lögðu fram fjármuni sína til að gera þetta mögulegt. En uppskeran er mikil, ávöxturinn nánast ómælanlegur og blessunin nær til svo margra.

Heim var snúið með þakklæti í hjarta til Drottins sem gaf ríkulegan vöxt og til þeirra sem voru og eru bakhjarlar starfsins fyrir trúfesti í bæn og fórnfýsi í gjöfum til starfsins. Hjartað var fullt þakklætis fyrir að hafa fengið að vera og fá að vera hluti af verki Drottins meðal Pókotmanna og nágrannaþjóðflokka í áratugi en á næsta ári verða 40 ár síðan starfið hófst.

Ragnar Gunnarsson



Nemandi við Embo Asis Secondary School sem starfað hefur nú í sex ár.



Jamas skólastýra greinir frá framkvæmdum og starfi skólans.



Taktfastur trommusláttur leiðir sönginn í Chepkobegh kirkju á sunnudagsmorgni.



Frá Shelpögh – Lindinni þar sem söfnuðurinn reynir að koma sér upp húsnaði í stað þess að koma saman undir tré.

Barnabáttur vinnur hug og hjörtu persneskra áhorfenda

Bátturinn Sólskin og Tunglskin er eini kristilegi sjónvarpsbátturinn sem sendur er beint til barna í Íran.



Börn á aldrinum 0-14 ára eru talin vera 24 % írönsku þjóðarinnar. Þau munu móta fram-tíð landsins. Gervihnattasjónvarp er mjög vinsælt í Íran og því eru sjónvarpsþættir góð leið til að mennta og fræða börn og unglinga. Því miður er lítið um góða kristilega fræðslu í boði fyrir yngstu börnin.

Sjónvarpsstöðin Sat-7 vill mæta þörfinni með þættinum Sólskin og Tunglskin sem sendur er út frá nýju myndveri á Kýpur og varir í 90 mínútur. Í þættinum er börnum kenndar biblúsögur og kristin gildi á áhugaverðan og skemmtilegan hátt. Shahin Kashiloo stjórnar þættinum sem einkennist af tónlist, dansi og leikjum. Aðstoðarstjórnandi þáttarins er Majid Akhavan, sem kallaður er 95, og er brúða frá fjarlægri plánetu. Tvö vélmennir framtíðarinnar, þeir Sólskin og Tunglskin, eru einnig með. Tíma-vélin þeirra er gölluð og kemur þeim bara til fortiðar en þannig hitta þeir Majid og 95. Saman reka þeir bifreiðaverkstæði þar sem þeir tala við fólk um mikilvægi vináttu, kærleika og virðingu.

„Börnum er kennd kristin siðfræði og þau hvött til að fara eftir henni“, segir Shahin. „Í staðinn fyrir að segja þeim hvað sé rétt og rangt sýna þættirnir þeim mikilvægi þess sem segir í Biblíunni.“

Börn geta hringt í þáttinn og tekið þátt í leikjum og spurningarkeppni um sögur Biblíunnar.

Minnisstæð er beiðni frá Paniz, 8 ára gamalli stúlku, sem bað um að beðið væri fyrir foreldrum hennar sem voru skilin. Hún vildi að þau næðu aftur saman svo þau gætu haldið áfram að vera fjölskylda. Hún sagði: „Þið hafið sagt í þáttunum að Jesús Kristur elski börn, verið svo góð að biðja að foreldrar elski börn sín enn meira.“

„Þátturinn er fjölskyldubáttur sem við



teljum vera lykil að heimilum landsins“, segir Majid.

Margir foreldrar, sem horfa á þættina með börnum sínum, hafa sagt að þeir hafi

kynnst öðrum rásum Sat-7 sjónvarpsstöðv-arinnar við að horfa á barnabáttinn Sólskin og Tunglskin.“

(Heimild: Sat7.org)

Ólga í Eþíópíu

Þótt Eþíópía sé eitt land þá byggja það u.þ.b. 100 þjóðir. Hver og einn þjóðflokkur hefur sína menningu, sitt tungumál og afmarkað landsvæði. Þeir eiga vitaskuld margt sameiginlegt en margt sem skilur þá að í venjum, trú og landnáði.

Haile Selassie var keisari yfir Eþíópíu í tæpa hálfa öld; eða allt þar til kommúnistar undir stjórn Haile Mengistu Mariam drápu keisarann og náðu yfirráðum í landinu í blóðugu valdaráni árið 1975. Kommúnistar réðu fram til ársins 1991 þegar ungur læknir að nafni Meles Zenawi stýrði uppreisn sem felldi þá. Meles gerðist forsætisráðherra og var það uns hann lést eftir stutt veikindi árið 2012. Eftir fall kommúnista var stjórnskipulagi landsins breytt þannig að Eþíópía varð sambandslýðsveldi 9 þjóðríkja.

Gleðin yfir falli kommúnismans varði í nokkur ár og á þeim tíma átti sér stað nauðsynleg vinna við stjórnsýslulega uppbyggingu. En svo kom að því að gleði manna dvínaði og gamlar þjóðflokkadeilur tóku sig upp á ný auk þess sem óánægja gerði vart við sig í tengslum við valddreifingu (skort þar á) og ótvíræða einræðistilburði Meles Zenawi.

Hvað sem segja má um Meles þá má hann eiga það að hann ræktaði og viðhélt góðum tengslum við alþjóðasamfélagið. Bandaríkin, Evrópusambandið, Kína og Rússland voru og eru öll í góðum tengslum við Eþíópíu.



Einfaldasta skýringin á þeirri ólgu sem nú ríkir í Eþíópíu er að til viðbótar við gamlar þjóðflokkakerjur og almenna óánægju er eignarnám ríkisins á jarðnáði fjölmargra bænda í frjósömustu héruðum landsins. Fjölmörg indversk og kínversk fyrirtæki hafa gert samninga við eþíópísku ríkið um land til kornræktunar, iðnaðar o.fl. Ríkið tilkynnir bændum að þeir þurfi að fara og greiðir þeim „markaðsverð“ fyrir landið. Fyrir fátæka bændur sem hafa aldrei átt eða séð mikla peninga þá eru upphæðirnar sem um ræðir verulegar og fyrst um sinn þóttust margir hafa dottið í lukkupottinn. En smá seðlabúnt á verðbólguþímum klárast fljótt og kemur ekki í staðinn fyrir frjósama jörð til að rækta og búa á. Pen-

ingarnir eyðast og eftir stendur fólkið, oft með ekki neitt. Það eru því jarðlausir bændur sem eru óánægðir með yfirgang stjórnvalda sem hafa öðru fremur leitt til þess eldfima ástands sem ríkir í landinu.

Nærtækt dæmi um þennan yfirgang stjórnvalda er frá starfssvæði Kristniþóðsambandsins í Voitó, sem flestir kristniþóðsvinir hafa heyrt um. Í heimsókn minni þangað í fyrra sagði einn af leiðtogum kirkjunnar þar að stórt bómullarfyrirtæki hefði tekið yfir akurlendið sem hann átti, við ána sem rennur í gegnum miðjan dalinn. Eignarhald mannsins er skýrt, bæði samkvæmt aldagömlu fyrirkomulagi þjóðflokksins og svo eru landslög Eþíópíu líka skýr að þessu leyti. En allt kemur fyrir ekki. Fólkið er varnarlaust gegn ofurvaldi ríkisins og hersins og þiggur því þá dúsu sem að því er rétt.

Það sem kemur í veg fyrir að taumlaust stríð brjótist út er hvort tveggja, nokkuð öflugur her, og svo hitt að í öllum þessum framkvæmdum verða til störf í verksmiðjum o.fl. sem margir eru ánægðir að fá. En ætli þeir séu ekki talsvert fleiri sem eru óánægðir og því hætt við að enn um sinn verði ástandið í Eþíópíu eldfimt.

Guð blessi Eþíópíu og það yndislega fólk sem þar býr. Guð blessi kirkju sína í landinu og Guð blessi þjóna hennar og vini kristniþóðsins sem nú eru í felum vegna yfirgangs og ósanngjarnra ásakana stjórnvalda. Guð blessi stjórnvöld í Eþíópíu.

Kristján Þór Sverrisson



„Fylg þú mér!“

Þá er hann gekk þaðan, sá hann mann sitja hjá tollbúðinni, Matteus að nafni, og hann segir við hann: „Fylg þú mér!“ Og hann stóð upp og fylgdi honum (Matteus 9,9).

Þrjú lítil orð, sett saman í stutta setningu, – hlaðna náðarboðskap Jesús. Engin útskýring, engin skilyrði, ekkert óþarfa málskrúð. „Fylg þú mér!“ – og samt þekkti Jesús Matteus og stóðu hans sem tollheimtumanns. En hann þekkti líka hjarta Matteusar og vissi að það var reiðubúið! „Fylg þú mér!“ Og hinn fyrirlitni tollvörður, Matteus stóð upp og fylgdi Jesús frá þeirri stundu.

Ennþá kallar Jesús syndara til fylgdar við sig. Engir aðrir geta fylgt honum! Hann þekkti hjarta mitt en kallaði mig samt til fylgdar við sig – hann þekkir hjarta þitt líka, já sérhvers manns – og hver sá sem þekkir

syndina í eigin lífi og játar hana – er kallaður af Drottni.

Í orðum Jesús „Fylg þú mér!“, er fyrirgefningin. Hann, sem þekkir hjörtun, veit hvern hann kallar. „Ég er ekki kominn til að kalla réttláta heldur syndara“ (Matt. 9,13). Þeir sem álíta sig réttláta, nógu góða og verða viðurkenningar eru ekki reiðubúnir. Þeir þarfnast ekki frelsara og hneykslast á Jesús og hegðun hans og boðun. – „Hann, sem kallar sig lærimeistara og kennara, situr til borðs með bersyndugum!“

Það er náð Guðs og bara náð, að hann skuli kalla syndara til fylgdar við sig. Fyrir þann sem tekur á móti Kristi og fylgir honum, eins og Matteus gerði, verður það „náð á náð ofan“ (Jóh. 1,16).

Heyrir þú hann kalla á þig? Þá skaltu ekki hika. Taktu á móti kalli hans og fyrirgefningu og fylgdu honum. Ekkert er betra en að vera á veginum með Jesús!

FHZ



Kynnisferð til grísku samtakanna „Hellenic ministries“

Við hjónin vorum stödd í Grikklandi í haust og fengum það verkefni hjá Kristni-boðssambandinu að kynna okkur starf Janet Sewell hjá „Hellenic ministries“. Janet hefur verið kristniboði í Grikklandi síðastliðin tólf ár og hefur síðustu árin notið fjárhagslegs stuðnings frá Kristni-boðssambandinu. Það er von okkar að kristni-boðsvinir vilji taka virkan þátt í að styðja við bakið á Janet, ekki bara fjárhagslega, heldur einnig með fyrirbæni.

Janet bauð okkur hjónum að slást í för með 14 manna hópi frá Suður-Afríku, Bretlandi og Nýja Sjálandi í kynnisferð, svokallað *Vision Tour*, þar sem hún var bæði farar- og bílstjóri hópsins. Einnig sat hún við stýrið í seglskútuferð sem við fórum. Hópurinn fór á allar starfsstöðvar samtakanna í og kringum Aþenu auk þess sem við heim-sóttum ferðamannastaði eins og Delfí með sitt stórkostlega landslag, gömlu Korintu og Akrópólís. Og ekki má gleyma að minnast á matar- og kaffimenningu Grikkja sem Janet kynnti fyrir okkur af miklum eldmóði.

Það var margt sem við fengum að sjá og kynnst af starfi „Hellenic ministries“, eins og starfi meðal Rómafólksins, stuðningi við barnshafandi konur, dreifingu Biblíunnar meðal Grikkja, boðunarstarfi á grísku eyjunum með hjálp seglskútu, sumarþúðum



og siglingum fyrir ungt fólk, kirkjustarfi og mörgu fleiru. Kærleikspjónusta við múslima er það sem snart mig mest af því að múslimar eru komnir svo nálægt okkur í Evrópu. Kristnir menn um alla Evrópu eru að vakna við það að kristni-boðsakerinn er kominn til okkar, meira að segja til okkar hér á hjara veraldar.

Það sem stendur upp úr í huga mínum eftir ferðina er hvernig „Hellenic ministries“ er í farabroddi og lykilstöðu meðal kristinna manna í Evrópu við að mæta flóttafólki með

kærleika og boðskap Krists. Enda kemur kristið fólk víðs vegar að til að læra af þeim. Við mættum yfir hundrað manna hópi frá 23 löndum í Evrópu sem var á ráðstefnu til að læra um starf meðal flóttamanna. Það var sagt um söfnuðinn í Þessaloníku, borg í Norður-Grikklandi: „Þrátt fyrir mikla þrengingu tókuð þið á móti orðinu með fögnuði sem heilagur andi gefur. Þannig eruð þið orðin fyrirmynd öllum trúuðum í Makedóníu og í Akkeu. Frá ykkur hefur orð Drottins hljómað, ekki einungis í Makedóníu



og Akkeu, heldur er trú ykkar á Guð kunn orðin alls staðar. (1. Þess 1.7-8.). Flóttamenn sem hafa tekið trú á Krist og komist norðar í álfuna vitna um að það var kærleiki kristinna manna, sem þeir upplifðu á leið sinni gegnum Evrópu, sem leiddi þá til Krists. Og starf „Hellenic ministries“ er orðið þekkt meðal kristinna manna um alla Evrópu vegna vitnisburðar flóttamanna um þá umhyggju sem þeim var sýnd í Grikklandi, bæði á Lesbos og í Aþenu. Grikkland er fyrsti viðkomustaður flóttamanna í Evrópu og samtökin hafa fimmtán ára reynslu í þjónustu við bæði múslima og kristna flóttamenn frá Mið-Austurlöndum.

Við fengum að vera viðstödd kærleiksmáltíð (love meals) fyrir flóttamenn í salarkynnum samtakanna í miðbæ Aþenu. Lagt var á borð fyrir 200 manns og skammtaður matur sem kristnir flóttamenn höfðu matreitt að hætti heimalands síns. Undir máltíðinni stigu nokkrir á svið og vitnuðu um trú sína á Krist og sumir sungu. Ein setning festist í huga mínum því það snart mig að heyra kristið fólk syngja fyrir múslima: „We love you with the love of our God, you bear

the glory of our king.“ Þegar allir höfðu borðað skammtinn sinn var lagt á borð fyrir næsta hóp af fólki. Meðal starfsfólksins, sem við hittum, voru tveir sem höfðu starfað sem kristni-boðar í Afganistan. Annar þeirra gat notað tungumálakunnáttu sína í hljóðveri til að búa til útvarpsþætti fyrir flóttafólk. Honum til aðstoðar var flóttamaður sem hafði nýlega tekið við Kristi og hafði brennandi áhuga á því að samlandar hans fengju að heyra um Jesú. Hinn kristni-boðinn er kona frá Moldavíu sem þekkir tungumál og menningu flóttafólksins og notar þá kunnáttu til að hlúa að fjölskyldum. Hún leiðir biblíuleshóp fyrir múslimskar konur sem vilja kynnst eða hafa kynnst kristinni trú.

Í öðru húsnæði í miðbæ Aþenu er athvarf fyrir konur og börn. Þar geta konur fengið lækisþjónustu fyrir sig og börnin sín. Læknarnir sinna þessari þjónustu sem sjálfbodaðliðar. Það er boðið upp á fræðlustundir fyrir börnin. Konur geta komið og fengið fót fyrir sig og börnin og ýmis konar stuðning. Einnig koma þar saman konur til að lesa Biblíuna. Á sumrin er flóttafólk


boðið að dvelja í sumarþúðum þar sem þeim gefst tækifæri til að komast í burtu frá áhyggjum hverdagsins og fá að hvíla sig og leika sér og njóta uppbyggilegrar fræðslu. Margir vitna um að þetta hafi verið besta vika lífsins og sumir hafa þar eignast nýtt líf.

Fagnaðarerindið var boðað í Grikklandi, fyrst allra landa í Evrópu, þegar Páll postuli svaraði köllun Guðs um að fara til Makedóníu og hjálpa. Frá Grikklandi barst orðið um Jesú áfram um alla heimsálfuna. „Frá ykkur hefur orð Drottins hljómað, ekki einungis í Makedóníu og Akkeu, heldur er trú ykkar á Guð kunn orðin alls staðar.“ (1. Þess 1,8.) „Hellenic ministries“ hefur frá upphafi haft köllun til að fara með fagnaðarerindið til baka til Mið-Austurlanda. Nú eru dyrnar opnar, sem aldrei fyrr, fyrir fagnaðarerindið til múslimskra nágranna þeirra. Starfið meðal flóttamanna hefur opnað fyrir tengsl og samstarf við trússtykkin í löndum eins og Tyrklandi, Líbanon og Afganistan.

Janet Sewell hefur sýn fyrir því að búa til stutta trúvarnarþætti til að gefa ungu fólki, í Evrópu og víðar, von og sýna að kristin trú veitir svör við stóru spurningum lífsins. Hún vill nota möguleikana, sem netið býður upp á, til að ná athygli ungs fólks.

Biðjum fyrir Janet og samstarfsfólki hennar og að Grikkir taki enn á ný „á móti orðinu með fögnuði sem heilagur andi gefur“ eins og Þessaloníkumenn gerðu á sínum tíma. Biðjum einnig að trú þeirra á Guð verði kunn alls staðar, á Grikklandi og í íslömsku nágrannalöndunum.

Margrét Jóhannesdóttir



Af heimastarfi Kristniboðssambandsins

Kristniboðsfélag kvenna í Reykjavík

112 ára

Kristniboðsfélag kvenna í Reykjavík var stofnað 9. nóvember árið 1904 og er því 112 ára.

Um stofnun félagsins segir í bókinni Lífandi steinar bls. 81: „Konan, sem stóð fyrir stofnun félagsins, var frú Kristín, dóttir Péturs Guðjohnsen, dómkirkjuorganleikara. Hún hafði að miklu leyti alizt upp hjá Pétri Péturssyni, biskupi og fengið trúarlegt uppeldi, sem gerði hana hæfa til að gegna sérstöku hlutverki í ríki Guðs hér á jörð.“

Í sömu bók segir á bls. 81: „Á stofnfundinum var beðið og sungið: Þú blessar hvert verk, sem er byrjað í þér. Oss byrja lát í þínum anda.“ Og á bls 82 segir „...fundir félagsins voru haldnir hálfsmánaðarlega og enduðu oft með sambæn.“

Félagskonur stóðu að söfnun til að fjármagna starf fyrsta kristniboðans sem fór á vegum Íslendinga til Kína, Ólafs Ólafssonar, en hann hélt fyrst til Noregs til að ljúka námi sínu við kristniboðsskólann á Fjellhaug í Osló sumarið 1919. Allar götur síðan hefur Kristniboðsfélag kvenna í Reykjavík tekið þátt í kristniboðsstarfinu, erlendis og hér heima.

Fjölbreytt starf

Markmið félagsins er að kynna starfið og styðja við það eins og kostur er og það gert á margvíslegan hátt. Meðal annars er staðið fyrir árlegri kaffisölu 1. maí þar sem margir leggja hönd á plóginn, baka og leggja fram vinnu sína.

Jólabasar stendur alltaf fyrir sínu þar sem hægt er að kaupa alls konar bakstur, varning og handavinnu. Einnig er boðið upp á vöffur, kakó og kaffi, allt í fjáröflunarskyni. Hapadrættið vinsæla er á sínum stað með veglegum vinningum, en mörg fyrirtæki gefa vörur, auk annarra sem leggja okkur lið.

Við tökum þátt í fjáröflunarsamkomu hjá Kristniboðssambandinu einu sinni á ári, sjá um þá um happadrætti og um kaffi með veglegum veitingum eftir fundinn.

Fundir í félaginu eru eins og í upphafi, haldnir hálfsmánaðarlega, á fimmtudögum í Kristniboðssalnum Háaleitisbraut 58-60. Við byrjum með kaffi kl.16, og skiptast félagskonur á að sjá um kaffið og kaffiveitingar. Okkur finnst ósköp notalegt að



hittast og spjalla saman um allt milli himins og jarðar áður en fundur hefst kl.17 sem stendur í um klukkustund.

Fimm konur eru í stjórn félagsins og situr hver í tvö ár í einu. Starfið er skipulagt í byrjun starfsársins í lok sumars, fundir hefjast í september og lýkur í maí. Stjórnarkonur skipta með sér ábyrgð á fundunum. Oft koma góðir gestir til okkar eða að félagskonur sjá sjálfar um efni fundanna. Við heyrum alltaf orð Guðs og hugleiðingar út frá því. Við biðjum og syngjum saman. Fundirnir styrkja trú okkar og félagskapurinn er dýrmætur. Við njótum þess að hittast og vera saman. Á fundi mæta að meðaltali 15 konur en 55 eru skráðar í félagið. Sumar eru aldraðar og veikburða og komast því ekki á fundi en biðja samt sem áður trúfastlega fyrir starfinu.

Allar konur velkomnar

Allar konur eru velkomnar á fundi hjá okkur og að ganga í félagið óski þær þess. Það er von okkar að fleiri konur gangi í félagið og taki þátt í starfinu, eins og hver og ein vill.

Orðin í Biblíunni, þar sem Jesús segir: „þar sem tveir eða þrír eru samankomnir í mínu nafni, þar er ég mitt á meðal“ (Matt. 18:20) eru orð sem við félagskonur treystum á og kærleikur Krists mótar okkur og hvetur til dáða.

Við viljum fá að vera með í að boða trúna á Jesú Krist, sem segist vera vegurinn, sannleikurinn og lífið (Jóh. 14:6) og biður okkur, sem trúum á hann, að láta gleðið skapinn berast út til allra manna. Öll eigum við sama rétt á að vera Guðs börn, allir sem trúa á Jesú (Jóh. 1:12).

Elísabet Jónsdóttir

Kristniboðsfélag karla

Í kristniboðsfélagi karla eru skráðir 39 félagsmenn. Í lögum félagsins segir „Félagsfundir skulu að jafnaði haldnir tvisvar í mánuði hverjum og miðist efni þeirra við andlega uppbyggingu félagsmanna, jafnframt því sem fræðsla skal veitt í Guðs orði og um kristniboð.“ 15 – 20 karlar mæta á fundi sem eru haldnir í Kristniboðssalnum. Skúli Svavarsson hefur séð um biblíulestra sem eru sérstaklega góðir og uppbyggilegir. Ýmist eru það félagsmenn eða aðrir vinir og velunnarar starfsins sem eru með efni á fundum sem allt tekur mið af kristni og kristniboði. Þetta er karlasamfélag, þó fáum við stundum konur í heimsókn. Hulda Björg Jónasdóttir hefur verið okkur innan handar með þjálfun og leiðsöfnun. Við erum henni afskaplega þakklátir fyrir það og ekki síst að umbera sönginn okkar því hver syngur með sínu nefi og misjafnt hvað okkur tekst að halda lagi, en við syngjum samt. Það er hinsvegar mikil hátíð hjá okkur þegar til okkar koma góðir söngmenn eins og t.d. sr. Frank M. Halldórsson og Ólafur Jóhannsson, við það lagast söngurinn til mikilla muna. Á fundum er tekið við samskotum til starfsins. Aðrar fjáraflanir eru kaffisala og kjötsúpukvöld og heyrst hefur hugmynd um að halda kótelettukvöld auk þess sem félagsmenn taka þátt í undirbúningi fyrir haustmarkað Sík. Félagsmenn hafa verið duglegir við ýmsar verklegar framkvæmdir fyrir Kristniboðssambandið t. d. málningarvinnu og eins ef breyta þarf húsnæði. Allar tekjur renna óskiptar til Kristniboðssambandsins. Kristniboðsfélag karla er kærleiksríkt samfélag og Guð hefur blessað starfið.

Halldór Konráðsson



Af starfi „Fljótsins“

Hér austur á Héraði starfar lítill kristniboðshópur undir nafninu „Fljótið.“ Nafn hópsins hefur fjölbreytta vísun, svo sem í byggðarlagið okkar hér við Lagarfljótið, í fljótin sem renna um starfssvæði kristniboðsins t.d. í Eþíópíu og vökva þar jarðvegin, og auðvitað í vatn lífsins, þar sem náð Guðs streymir til okkar fyrir kærleika Jesú Krists.

Virkir meðlimir hópsins eru nú um 12 talsins og reynt er að hittast reglulega yfir vetrarmánuðina, oftast í heimahúsum en stundum í Safnaðarheimili Egilsstaðakirkju. Þá er gjarnan lesið eitthvert efni sem tengist

kristniboðsstarfinu, höfð bænastund fyrir starfinu og því sem hvílir á okkur hverju sinni og stundum er líka sungið. Og alltaf drukinn sopi og notið samfélags. Annað slagið höfum við verið svo lánsöm að fá til okkar gesti til að segja frá starfinu á akrinum. Nú síðast var það Jónas Þórir Þórisson sem kom á okkar fund í byrjun desember og sagði frá ferð sinni til Eþíópíu.

Á kristniboðsdaginn 2016, 13. nóvember, tóku félagar í hópnum þátt í kvöldguðspjónustu í Vallaneskirkju nærri Egilsstöðum, undir yfirskriftinni Ljósastund. Þeir Ingólfur Georgsson og Jón Gunnar Axelsson fluttu frásagnir af kristniboðsstarfi í Japan og Afríku, Ástríður Kristinsdóttir las úr



Rómverjabréfinu, Þorgeir Arason sóknarprestur flutti hugleiðingu og organisti og kórfélagar kirkjunnar leiddu almennan söng og fluttu tónlist. Ágæt mæting var við athöfnina og kristniboðsfrásagnirnar vöktu athygli viðstaddra.

Þorgeir Arason

Meira af heimastarfi Kristniboðssambandsins

Salt kristið samfélag

Salt k.s. verður tíu ára í maí. Margt hefur gerst á þessum árum. Áhersla er lögð á samkomur á sunnudögum kl. 14:00 sem haldnar eru í Kristniboðssalnum. Ræðumenn fjalla um margs konar efni, lofgjörð er á hverri samkomu og tálkað er yfir á ensku. Á eftir samkomu er boðið upp á fyrirbæn, hressingu og samfélag. Í vetur er áhersla á vandað barnastarf sem er á sama tíma og samkomurnar. Hafa þrír starfsmenn annast það að jafnaði.

Í öllu starfi Salts er lögð áhersla á mikilvægi þess að vera í góðu nærsamfélagi. Þess vegna



eru allir hvattir til að taka þátt í smáhópum sem hittast flestir hálfsmánaðarlega. Nánari upplýsingar um Salt k.s. er að finna á heima-

síðunni: saltks.is. Einnig er hægt að tala við Höllu Marie Smith.

Kjartan Jónsson



Elskaðu náunga þinn!

Kristnir Keníumenn eru hvattir í fjölmiðlum til að sýna múslimskum nágrönnum sínum kærleika og umhyggju. Á þann hátt geta þeir sem ekki eru kristnir kynnst kærleika Guðs.

„Við sem eru kristin þekktum lítið til múslimskra nágranna okkar og okkur var ekki eðlilegt að vera vinir þeirra. En nú sjáum við að okkur ber að kynnst þeim svo við getum rætt við þá um trúna.“

Þetta segja Patience Kubo og Evanson Msafiri sem stjórna sjónvarpsþættinum *Penda Jirani* eða *Elskaðu náunga þinn*. Þau hafa unnið árum saman að útvarps-sendingum með samstarfsfólki Norea á Voi í Keníu en undanfarin tvö ár hefur áherslan verið á að ná til þeirra, sem ekki hafa heyrt fagnaðarerindið, með sjónvarpsþáttum.

Markmið þáttanna *Penda Jirani* er að uppörva kristið fólk til að fylgja kærleiks-boði Biblíunnar um að elska líka múslimska nágranna. Þetta er ekki sjálfsgagt mál í Keníu en þáttagerðarfólkið vonar að hægt sé að brjóta múra sem skilja að fólk svo að enn fleiri heyri fagnaðarboðskapinn. Ef til vill munu kenískir kristniboðar fara til þjóð-



Þáttagerðarstjórnendur *Penda jirani*, Patience og Evanson.

flokka í Austur-Afríku sem ekki hafa enn heyrt fagnaðarboðskapinn. Þegar hefur kristinn leiðtogi svarað kallinu og vinnur hann nú með þáttagerðarfólkinu á Voi og er þeim til mikillar uppörvunar.

Pólitískur óróleiki

Mikil pólitísk spenna hefur einkennt ástandið í Keníu undanfarin ár og tengist hún meðal annars ólíkum þjóðflokkum landsins. Þá eru hinn mikli menningar-munur múslima og kristinna manna áberandi. Þátturinn *Elskaðu náunga þinn*, sem sýndur er á netinu, vill reyna að leggja sitt

af mörkum til að lægja öldurnar. Ungt fólk horfir mikið á þáttinn og virðist vilja tileinka sér boðskap hans.

Árið 2017 er kosningarár í Keníu og fylgir því oft mikil pólitísk og samfélags-leg spenna. Eftir kosningar árið 2007 varð alvarlegt ástand í landinu svo við lá borgara-styrjöld. Verum með og biðjum fyrir kosningadeginum, 8. ágúst að allt fari friðsam-lega fram og að fólkið í landinu geti lifað í sátt og samlyndi og elskað hvert annað eins og sannir nágrannar: *Elskaðu náungann!*

(Heimild Norea radio)

Basarinn



Karl Jónas Gíslason, starfsmaður nytjamarkaðs Kristniboðssambandsins, skrifar um Basarinn.

Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins, er mikilvæg starfsstöð. Markaðurinn er á margan hátt sýningarglugginn okkar og kynningarbás. Næstum því á hverjum degi fáum við spurningar tengdar starfi SÍK; hvar við störfum og um hvað starfið snýst. Þær eru ekki fáar klukkustundirnar sem okkur hefur hlotnast til að tala um kristniboðsstarfið í Afríku og Japan. Segja frá verkefnum okkar þar, starfi SAT-7 og útvarpskristniboði til Kína. Oft er gaman að sjá viðbrögð fólks þegar við segjum því t.d. hversu marga skóla við höfum komið á laggirnar í Keníu. Öflugt og skemmtilegt kynningarstarf fer því fram á markaðnum.

Basarinn er einnig tekjulind fyrir Kristniboðssambandið. Gestir og gangandi koma með muni, fatnað og bækur. Allt gjafir til starfsins. Við förum svo í gegnum þetta allt. Flokkum og skoðum. Magnið sem okkur berst er slíkt að við getum ekki selt allt. Það sem umfram er færum við Hjalpræðis-hernum, Hertex. Einu sinni í viku koma þeir og sækja til okkar vörur. Hlutir sem fara í búðina eru allir hreinir og fínir. Við prófum rafmagnstækin og sjáum til þess að allir diskar og öll glös séu hrein. Fatnaður sem við seljum er allur hreinn og fínn. Öllu er flokkað og raðað hjá okkur. Búsáhöld á einum stað, fataslár á öðrum og gjafavara á þriðja. Við reynum að tryggja að allar vörur

seu skýrt verðmerktar. Einnig má geta þess að hjá okkur er gott úrval tónlistardiska (cd), mynddíska (dvd) og svo víníplátna. Allar bækur í Basarnum eru flokkaðar og settar í röð og reglu í hillur. Þannig erum við t.d. með hillur merktar íslensku skáldverki og aðrar með ljóðabókum. Öllum bókum er raðað eftir höfund. Við erum stolt af verslun okkar. Við þörfumst alltaf sjálf-boðaliða í Basarinn, fólks sem getur séð af tíma til að liðsinna okkur.

Einn þáttur starfsins í Basarnum er fyrir-bænþjónusta. Í gegnum tíðina hefur fólk leitað til okkar í þeim tilgangi, bæði hér í verslunina sem og í gegnum netið. Basarinn er ein af starfsstöðvum Kristniboðssambandsins. Kristniboðsstöð þar sem okkur hlotnast sú gæfa að miðla fagnaðarerindinu. Við fáum að vera eins og fingurgómar Krists sem snerta við hjörtum fólks.



Pögnin

Leifur Sigurðsson er kristniboði í Japan.

Þegar ég var í námi við Fjellhaug kristni-boðsskólann í Noregi, las ég bók sem heitir „Pögnin“ eftir Shūsaku Endō. Nýlega gerði hin frægi bandaríski leikstjóri Martin Scorsese samnefnda kvikmynd sem byggir á þessari skáldsögu. Höfundurinn, Shūsaku Endō (1923 - 1996) var kaþólskur Japani. Hann byggði söguna á ofsóknum á kristið fólk í Japan á 17. öld. Saga kristinnar trúar í Japan er ekki mörgum kunn, en þegar kaþólskir kristniboðar komu fyrst til landsins árið 1549 var þeim mjög vel tekið. Margir komust til trúar. En svo snérust vindar og á innan við 100 árum fór kirkjan að mæta mik-illi andstöðu. Lénsherrar, sem réðu landinu á þessum tíma, litu þessi nýju trúarbrögð hornauga. Að lokum var ákveðið að þetta væru óæskileg er-lend áhrif sem best væri að banna. Í kjölfar uppreisnar í suðurhluta lands-ins, sem magrir kristnir bændur tóku virkan þátt í, hófust skipulegar of-sóknir. Margir kristnir voru neyddir til að afneita trú sinni opinberlega. Þetta var gert á táknrænan hátt með því að viðkomandi varð að trampa á mynd „fumie“ af Maríu og Jesú eða krossi. Árin 1630-40 náðu þessar ofsóknir hámarki og mörg þúsund manns voru krossfestir.

Í sögunni fjallar Endō um ferð tveggja portúgalskra presta, Sebast-ians Rodriguez og Francis Garrpe, til Japans. Þeir eru sendir sem kristniboðar, en einnig til að kanna sögusagnir um að annar prestur að nafni Ferreira hafi gengið af trúnni. Eftir að þeir eru handsamaðir verða þeir vitni að skelfilegum ofsóknum. Margir kristnir líða píslarvættisdauða.

Þetta veldur því að Rodriguez kemst að þeirri niðurstöðu að píslarvættisdauði þjóni engum tilgangi. Hann upplifir einungis grimmd og þjáningu. Fyrir handtöku þeirra, höfðu stjórnvöld reynt að þvinga presta til að afneita trú sinni með því að pynta þá á grimmilegan hátt. Þetta hafði hinsvegar ekki tilætluð áhrif. Þess í stað voru hinir inn-lendir kristnu pyntaðir þangað til presturinn afneitaði. Það var því á valdi prestsins að ákveða hversu lengi hinir kristu þurftu að kveljast. Þessi aðferð hafði virkað betur og var ástæða þess að Ferreira gekk af trúnni.

Þungamiðja sögunnar er svo sú ótrúlega innri barátta sem Rodriguez þarf að takast á við. Það er eitt að þjást fyrir eigin trú. En

hvað á hann að gera þegar hann er gerður ábyrgur fyrir þjáningum annarra? Á einum tímapunkti í sögunni, heyrir Rodriguez rödd sem segir honum að stíga á krossinn og afneita trú sinni til að bjarga hóp manna sem er verið að pynta. „Ég fæddist í þennan heim til að taka á mig þennan sársauka og til að verða fótum troðinn. Ég bar þennan kross fyrir allan menn.“ Titill bókarinnar, Pögnin vísar þannig til þeirrar baráttu sem



Rodriguez á í andspænis þögn Guðs þegar fólk þjáist fyrir trú sína. „Hvers vegna grípur Guð ekki inn í þessar aðstæður?“, spyr hann sjálfan sig á einum stað. Á öðrum tíma-punkti þegar hann er að biðja, segir hann: „Herra, mér gremst þessi stöðuga þögn þín.“ Svarið sem hann fær er: „Ég var ekki þögull, ég þjáðist með þér.“ Þannig veltir Endō upp mörgum erfiðum spurningum um þjáninguna og þögn Guðs.

Vissulega geta komið tímar þar sem okkur virðist Guð vera fjarlægur. Hins vegar verðum við að hafa í huga að maðurinn hefur alltaf frelsi til að velja. Frelsi til að velja illt og frelsi til að velja að hlýða Guði og gera gott. Við höfum frelsi til að trúa sannleikan-

um og frelsi til að hunsa hann. Lesandinn verður þannig að spyrja sjálfan sig hvort Rodriguez hafi gert rétt eða rangt. Þótt að hann hafi opinberlega afneitað Guði og gengið af trúnni þá hefur hann ekki hafnað Guði hið innra. Þetta minnir um margt á þegar vinir Daníels urðu að svara fyrir trú sína frammi fyrir Nebúkadnesar.

Þeir Sadrak, Mesak og Abed-Negó svör-uðu þá og sögðu við konung: „Nebúkad-nesar, um þetta þurfum við þér engu að svara. Vilji Guð okkar, sá sem við dýrkum, frelsa okkur getur hann frelsað okkur jafnt úr glóandi eldsofni sem úr þínum höndum, konungur. Og þótt hann láti það ógert skaltu samt vita að við munum hvorki dýrka þína guði, konungur, né tilbiðja gulllíknesk-ið sem þú hefur látið reisa.“ (Daníel 3:16-18)

Síðar í sögunni segir einn af kvölur-um Rodriguez: „Ég hef sagt þér. Þetta land er ekki til þess fallið að taka við kenningu Krists. Kristur getur einfald-lega ekki fest rætur hér...þú beiðst ekki ósigur fyrir mér...þú fórst hall-oka fyrir mýrlendi Japans.“ Þetta er eitt af síendurteknum stefnum Endō í sögunni, þ.e.a.s. að líkja Japan við mýri eða mýrlendi, sem umbreytir þeim utanaðkomandi boðskap sem Biblían er í Japan. Í einu viðtali sagði Endō að þrátt fyrir eigið trúarlegt upplendi: „Þá gat ég aldrei fyllilega losnað við þá tilfinningu að þessi trú væri ekki raunverulega mín eigin. Mér fannst eins og hún væri á einhvern hátt tekin að láni annarstaðar frá. En þetta er kannski áhrif frá mýrlendi Japans á mig?“ Í huga Endō, gæti kristni því aldrei raunverulega náð

að skjóta rótum og dafna í Japan án þess að boðskapurinn tæki róttækum breytingum. Hann vildi meina að það væri nær ómögu-legt að finna góðan jarðveg fyrir fagnaðar-erindið í Japan.

Þótt að ég sé ekki sammála öllum skoðunum Endós varðandi þögn Guðs gagnvart mannlegri þjáningu, þá hvet ég alla til að lesa þessa bók. Það var mjög erfitt að lesa hana á sínum tíma og hún vakti með mér margar spurningar. En það er hollt að hugleiða og velta þeim fyrir sér. Í dag eru kristnir menn ofsóttir. Margir eru myrtir og líða píslarvættisdauða, sérstaklega í Mið-Áusturlöndum.

Leifur Sigurðsson

Þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning

Reykjavík

Alþýðusamband Íslands
ASK Arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf
Bílasmiðurinn hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Brauhúsið ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Domino's Pizza
Efling stéttarfélag
Eignamiðlunin ehf
Endurskoðun og reikningsskil hf
Félag atvinnurekenda
Fiskmarkaðurinn ehf
Garðs Apótek ehf
Gjögur hf
GLÁMA-KÍM arkitektar
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Gullsmiðurinn í Mjódd
Halli Gullsmiður
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn
Henson sports
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Höfðakaffi ehf
Icelandic Fish & Chips ehf, veitingastaður
Innnes ehf
Íslenska auglýsingastofan
Kórall sf
Kvika ehf
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Nýi ökuskólinn ehf
Orka ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
Ólafur Þorsteinsson ehf
Pósturinn
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Tónskóli þjóðkirkjunnar - Grensáskirkju
Utanríkisráðuneytið
Verkfræðistofan VIK ehf
Verslunin Brynja ehf
Verslunin Rangá
VSÓ Ráðgjöf ehf
Þorsteinn Bergmann ehf

Kópavogur

ABC-Barnahjálþ
Kambur ehf
Pottagaldrar ehf
Rafmiðlun hf
Reiðhjólaverslunin Hjólið ehf

Garðabær

Árvík hf

Garðabær

Geislatækni ehf-Laser-þjónustan
Íslandsfundir ehf

Hafnarfjörður

Ás, fasteignasala ehf
Donna ehf
H. Jacobsen
Hrafnistuheimilin
Rafgeymasalan ehf
Útvík hf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Viðir og Alda ehf

Grindavík

Hópsnes ehf
Veitingastofan Vör ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf

Sandgerði

Verk- og tölvuþjónustan ehf

Mosfellsbær

Hestaleigan Laxnesi
Nonni litli ehf

Akranes

Verslunin Einar Ólafsson ehf

Borgarnes

Vélabær, bíla- og búvélaverkstæði

Stykkishólmur

Hvítasunnukirkjan Filadelfía

Ólafsvík

Fiskverkunin Valafell

Reykhólahreppur

Þörungaverksmiðjan hf

Ísafjörður

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
Samgöngufélagið-www.samgongur.is

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
Glaður ehf

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð

Blönduós

Húnavatnshreppur

Skagatrönd

Skagabyggð
Sveitarfélagið Skagatrönd

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði

Siglufjörður

Fjallabyggð

Akureyri

Akureyrarbær
Grófargil ehf
Höldur ehf, bílaleiga
Raftákn ehf, verkfræðistofa

Egilsstaðir

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Fljótssalshérað

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður

Reyðarfjörður

Launafl ehf

Neskaupstaður

Síldarvinnslan hf

Höfn í Hornafirði

Uggi SF-47

Selfoss

Flóahreppur
Jeppasmiðjan ehf
Lindin, verslun

Hveragerði

Dvalarheimilið Ás
Heilsustofnun NLFÍ - heilsustofnun.is

Ölfus

Eldhestar ehf

Vestmannaeyjar

Ísfélag Vestmannaeyja hf
Miðstöðin ehf
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf

Kristniboðsvikan 2017: Víðfrægjum dáðir Drottins

Árleg kristniboðsvika hefst sunnudaginn 28. febrúar og stendur til 5. mars. Í boði verða samkomur, samverur, fyrirlestur, kvikmyndasýning og fleira og birtist dagskráin hér í blaðinu.

Að þessu sinni er von á heimsókn frá Keníu, en Nicholas Loyara, prestur og stjórnandi útbreiðsluverkefnis kirkjunnar í Pókot heimsækir Ísland og mun segja

frá starfinu, eigin lífi og starfi kirkjunnar og kristniboðsins. Loyara er einn af mörgum ávöxtum starfsins en hann bjó og býr nánast á fjallsbrúninni fyrir ofan kristni-boðsstöðina í Prpoi, Chepareria, tók þátt í starfinu þar sem ungur maður og tók skírn árið 1984, þá fimmtán ára gamall.

Fróðlegt verður að heyra frásögu Loyara og hvetjum við sem flesta til að reyna að

mæta á sem flestar af samverum kristni-boðsvikunnar. Upphafssamkoman í Reykjavík verður í Grensáskirkju sunnudaginn 28. febrúar kl. 17 þar sem Agnes M. Sigurðardóttir talar en á sama tíma verður samkoma í félagsheimili KFUM og K á Akureyri þar sem Nicholas Loyara tekur þátt ásamt Ragnari Gunnarssyni.

Sunnudagur 26. febrúar

Samkoma kl.17:00 í Grensáskirkju.

Upphafsorð: Birna Gerður Jónsdóttir varaformaður SÍK.

En þið eruð útvalin kynslóð: Agnes M. Sigurðardóttir biskup.

Söngur: Eva Dögg, Einar og Björg.

Samkoma kl. 17 í félagsheimili KFUM og KFUK í Sunnuhlíð, Akureyri.

Nicholas Loyara prestur í Pókothéraði, Keníu og Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri Kristniboðssambandsins tala og segja frá.

Tómasarmessa kl. 20 í Breiðholtskirkju.

Skúli Svavarsson kristniboði prédikar og segir frá kristniboðsstarfinu.

Mánudagur 27. febrúar kl. 20

Samvera kl. 20 í safnaðarheimili Egilsstaðakirkju.

Nicholas Loyara prestur og Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri Kristni-boðssambandsins tala og segja frá.

Þriðjudagur 28. febrúar

Samkoma kl. 20 á Holtavegi.

Upphafsorð: Jón Kristinn Lárusson.

Hvernig gengur í Ómó Rate? Karl Jónas Gíslason.

Eignalýður, Guðs lýður, Guðs börn. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur.

Söngur: Helga Vilborg Sigurjónsdóttir.

Miðvikudagur 1. mars

Samkoma kl. 20 í Kristniboðssalnum.

Upphafsorð: Hjalti Jól Magnússon. Guðs ríki sækir fram í Pokot: Nicholas Loyara prestur.

Kölluð til að víðfrægja. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir prestur.

Gospelkór Árbæjar- og Bústaðakirkju syngur.

Fimmtudagur 2. mars

Samkoma í Kristniboðssalnum kl. 20.

Vitnisburður Nicholasar Loyara frá Pókot. Frá myrkr til ljóss. Ólafur Jón Magnússon skólaprestur.

Söngur: Karlakór KFUM.

Föstudagur 3. mars

Hádegisfræðsla í Kristniboðssalnum kl. 12:10-12:50.

„Hvaða trúboðsskilningur liggur að baki Matt 28:16-20?“ Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson.

Kl. 20: Samkoma á alþjóðabænadegi kvenna í Háteigskirkju.

Allir eru velkomnir, karlar, konur og börn með foreldrum.

Hugleiðing: Ragnhildur Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri Biblíufélagsins.

Söngur: Ljósbrott, kvennakór KFUK.

Laugardagur 4. mars

Kl. 16:30: Samkoma í húsi KFUM og KFUK Garðarsbraut 1, Akranesi.

Frásaga: Nicholas Loyara. Hugleiðing: Ragnar Gunnarsson.

Kl. 22: Kvikmyndakvöld í Kristniboðssalnum.

Sýnd verður kvikmyndin *Risen* frá 2016 með enskum texta. Aðgangur ókeypis, samskot til kristniboðsins.

Sunnudagur 5. mars

Kl. 14: Samkoma í Kristniboðssalnum.

Umbreytingarkraftur fagnaðarerindisins í Pókot. Nicholas Loyara prestur.

Hugvekja: Jón Kristinn Lárusson.

Annað: Danshópur eþíópískra unglinga sýnir lofgjörðardans.

Guðspjónusta í Lindakirkju kl 20:00.

Nicholas Loyara prestur predikar og segir frá starfi kirkjunnar í Pókot.

Stuttar fréttir

Látum skóna ganga aftur

Á sorpustöðvum höfuðborgarsvæðisins eru skógámar merktir Látum skóna ganga aftur. Gámarnir eru á vegum Kristniboðssambandsins og eru kristni-boðsvinir hvattir til að gefa gamla skó í þessa gáma. Þeim er komið í verð og rennur ágóðinn til starfs kristniboðsins.

Samkomur á miðvikudögum í Kristni-boðssalnum á Háaleitisbraut

Uppbyggilegar og fræðandi samkomur eru í Kristniboðssalnum á Háaleitisbraut 58-60 hvert miðvikudagskvöld kl. 20:00. Allir eru hjartanlega velkomnir. Dagskrá á samkomunum má finna á heimasíðu Kristniboðssambandsins, <http://sik.is/> og í Morgunblaðinu.

Reykjavíkurmaraþon – Hlaupum til styrktar kristniboðinu

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka 2017 fer fram laugardaginn 19. ágúst. Kristni-boðssambandið er eitt af þeim góðgerðarfélögum sem hlaupa má fyrir og heita á í maraþoninu. Skráning í maraþonið er hafin. Hlauparar eru hvattir til að skrá Kristniboðssambandið sem sitt góðgerðarfélag.